

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

II. KAFLI

Hafnargjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs, ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

4. gr.

Lestargjöld.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald 18,6 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

5. gr.

Bryggjugjöld.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 9,30 kr. á mælieiningu fyrir skip að 15.000 brt, 11,70 kr. fyrir skip 15.000 til 30.000 brt. og 11,70 kr. fyrir skip 30.000 brt. og stærri hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, 129 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 144,2 kr. á mánuði. Bátar minni en 15 brt. greiði þó aldrei lægra en 9.413 kr. á mánuði. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Skip, sem ekki eru í rekstri né leggja upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar, skulu greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag og njóta ekki afsláttarkjara í formi mánaðargjalda. Skip ekki í rekstri telst það skip sem legið hefur lengur en einn mánuð í höfn eða leggur ekki upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar.

6. gr.

Vörugjöld.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. flokkur

419 kr. á tonn

Bensín, brennsluólfur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. flokkur	689 kr. á tonn
Lýsi og fiskimjöl.	
3. flokkur	769 kr. á tonn
a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. b) Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjavörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf. c) Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi. d) Af vörum sem er landað og lestað með strandsiglingum greiðist aðeins helmingur vörugjalda í hverjum verðflokki.	
4. flokkur	1.940 kr. á tonn
Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.	
5. flokkur	aflagjald 1,58% af aflaverðm.
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af 0,79% heildarverðmætis aflans skv. breytingum á d.-lið 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd. Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði ef söluuppgjör berst ekki til hafnarinnar. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu Íslands. Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu skiptaverðs. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.	
Hámarksgjald samkvæmt 4. flokki	7.738 kr. fyrir hvert tonn.
Lágmarksgjald í öllum flokkum	837 kr.
7. gr.	
Farþegagjöld.	
Fyrir hvern farþega með farþegabátum og skemmtiferðaskipum	205 kr.
Farþegagjald skal greiða af hverjum farþega ferðabjónustubáta og skemmtiferðaskipa. Gjaldið er kr. 205. Skipstjóri, umboðsmaður eða eigandi farþegaskips skal afhenda hafnaryfirvöldum upplýsingar um farþegafjölda til innheimtu gjaldsins. Skipstjórar, umboðsmenn eða eigendur þeirra báta sem stunda reglubundna farþegaflutninga skulu skila upplýsingum um farþegafjölda hverrar ferðar mánaðarlega og skal upplýsingum skilað eigi síðar en 3. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð. Skili ofangreindir aðilar ekki upplýsingum um farþegafjölda er heimilt að áætla fjölda farþega fyrir viðkomandi tímabil eða leggja á 25% álag ef skil á farþegatölum dragast umfram 20 daga.	
8. gr.	
Siglingavernd (ISPS).	
Öryggisgjald fyrir skip sem falla undir skilgreiningu hafnverndar	54.452 kr. á komu
Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í dagvinnu	6.212 kr./klst.
Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í yfirvinnu	10.123 kr./klst.

III. KAFLI

Þjónustugjaldskrá.

9. gr.

Rafmagn.

Rafmagnssala	18,75 kr. á kWst.
Rafmagnstenglagjald fyrir flotbryggjur og trébryggjur 10-20 A	3.000 kr./stk.
Rafmagnstengigjald 32-63 A	6.000 kr./stk.
Rafmagnstenglagjald fyrir hafskipakant 125 A	11.119 kr./stk.

Bátar sem eru á föstu mánaðargjaldi skulu að lágmarki greiða 1 tengigjald í mánuði.

10. gr.

Hafnsaga.

Hafnsögugjald	7,40 kr./brt.
Hafnsögugjald til og frá höfn	9.964 kr.

Hafnsögugjöld skulu greidd fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi 4.982 kr. fyrir hvert skip, auk 7,40 kr. á mælieiningu (mestu brúttóstærð). Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálfð hafnsögugjald.

Lágmarksgjald vegna hafnsögu skal þó aldrei vera lægra en kr. 79.500.

11. gr.

Leigugjöld.

Leiga á gá mavöllum svæði A	101 kr. hver m ² á mánuði
Leiga á gá mavöllum aðstaða við rafmagnsbrunna	228 kr. hver m ² á mánuði
Leiga í geymsluportu Suðurtanga	100 kr. hver m ² á mánuði
Hafnarbakkaleiga	366 kr. pr. tonn eða m ³ á dag
Leiga á kranalykli	4.494 kr./hvert skipti
Leiga á lyftara m/manni	13.054 kr./klst.
Leiga á flotgirðingu	11.702 kr./klst.
Stöðuleyfi vinnuskúra á hafnarsvæði	20.781 kr./m ² á ári

Einungis er heimilt að hafa gáma sem eru í beinum tengslum við fermingu eða affermingu úr skipum. Gáma og annan varning skal fjarlæg við fyrsta tækifæri þegar vinnu við skip er lokið en ef því verður ekki við komið skal óskað leyfis hjá höfninni.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Einnig er óheimilt að setja eða geyma alls konar varning sem ekki er að koma eða fara í skip á svæði hafnarinnar.

Hafnarstarfsmönnum er heimilt að láta fjarlægja varning þann sem settur er á hafnarsvæðið á kostnað eiganda eða beita sektum allt að kr. 5.650 kr. á sólarhring sé óskum um hreinsun ekki sinnt.

12. gr.

Hafnsögubátur.

Fyrir hverja byrjaða klst. á innri höfn	26.850 kr./klst.
Fyrir eina ferð með hafnsögumann	26.850 kr.
Fyrir hverja byrjaða klst. utan innri hafnar	55.968 kr./klst.
Tímagjald hafnarstarfsmanns á lóðsbát	9.500 kr./klst. á mann
Útkall utan tiltekins daglegs vinnutíma á lóðsbát	38.000 kr./útkall
Fyrir björgun, slef eða aðstoð við skip og báta	skv. samkomulagi SFS/tryggingafélaga

13. gr.

Vatnsgjald.

Vatn fyrir báta undir 15 brt.	1.802 kr. á mánuði
Vatn fyrir báta 15-30 brt.	3.604 kr. á mánuði
Kalt vatn afgreitt til skipa yfir 30 brt, lágmarksmagn 15 tonn	403 kr./m³
Vatn afgreitt utan reglubundins vinnutíma	38.000 kr./útkall
Gjald fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma	9.500 kr./útkall

14. gr.

Móttaka skipa.

Festargjald fyrir hvern starfsmann í dagvinnu	12.784 kr.
Festargjald fyrir hvern starfsmann í yfirvinnu	19.398 kr.

Greiða skal festargjald bæði við komu og brottför skipa. Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k. einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

15. gr.

Sorphirðugjöld.

Móttaka á sorpi ein ferð í sorpmóttökustöð	11.554 kr.
--	------------

Einnig skal greiða fyrir innvegið magn af sorpi skv. gjaldskrá sorpmóttakanda.

a. Úrgangsgjald: Við komu skips til hafnar skal greiða 0,80 kr./brt. gjald sem skal standa undir kostnaði vegna eftirlitsumsýslu vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald 6.519 kr. og hámarksgjald 55.226 kr.

b. Úrgangsgjald: Gjald sem er lagt á vegna a-liðar má lækka ef skipstjóri getur sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð í skipinu fast gjald 0,90 kr. á brt. en þá er lágmarksgjald 6.996 kr., hámarksgjald 59.296 kr.

c. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á árinu greiða skv. b-lið fyrir fimmtu komu og allar komur eftir það.

d. Skip og bátar sem hafa varanlega viðlegu í höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fast mánaðargjald vegna umsýslu og eftirlits hafnar vegna móttöku á sorpi. Gjaldið skal vera 6.996 kr. á mánuði.

e. Förgunargjald: Við komu skips til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. gr. laga nr. 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir kostnaði við förgun úrgangs sem skilað er í land.

Farþegaskip yfir 60 m að lengd skulu greiða 3,00 kr. á hvert brt. skipsins og miðast gjaldið við eftirfarandi sorpmagn:

Farþegaskip undir 30.000 brt.	5 m ³
Farþegaskip frá 30.000 brt.	10 m ³
Farþegaskip yfir 100.000 brt.	15 m ³

Öll önnur skip skulu greiða 3,00 kr. á brt, og þá miðast gjaldið við 5 m³ af sorpi.

f. Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald samkvæmt e.-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt upplýsingum um losun magns. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist á skrifstofu hafna Ísafjarðarbæjar innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.

Kjósi skipstjóri eða útgerðarmaður svo eftir þjónustu viðurkennds sorpmóttökuaðila þá greiðir hann allan kostnað þar að lútandi og skal skila til hafnarinnar útfylltu eyðublaði um magn og sundurliðun þess úrgangs sem skilað er í land. Misbrestur á þessu getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

g. Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum sem hafa reglulega viðkomu í höfnum Ísafjarðarbæjar og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu Umhverfisstofnunar um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

h. Förgunargjald: Skip sem eru undanþegin gjaldskyldu skv. c.-lið 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun og förgun sorps hvort sem óskað er eftir viðurkenndum móttökuaðila eða ekki.

i. Fast mánaðargjald: Bátar og skip í fastri viðlegu sem greiða fast mánaðargjald skulu greiða að lágmarki eitt sorpeyðingargjald samkvæmt stærðarflokki fyrir hvern mánuð í viðlegu.

16. gr.

Vogargjöld.

Almenn vigtun	244 kr. á tonn
Vogargjald smábáta lágmarksgjald	890 kr. pr löndun
Flutningabílar og skoðun á bílavog	2.480 kr. á skipti
Lágmarksgjald við vöruvigtun	1.749 kr. hver einstök vigtun
Útkall við vigtun í yfirvinnu frá kl. 17-22, minnst 2 tímar	9.500 kr. pr. klst.
Útkall frá kl. 22-06, minnst 4 tímar	9.500 kr. pr. klst.

17. gr.

Viðlegugjöld.

Bátar undir 15 brt.	9.567 kr. á mánuði
Bátar milli 15-30 brt	14.655 kr. á mánuði

Bátar yfir 30 brt.	21.178 kr. á mánuði
Bátar undir 15 brt. fast legupláss	12.148 kr. á mánuði
Bátar milli 15-30 brt. fast legupláss	18.905 kr. á mánuði
Bátar yfir 30 brt. fast legupláss	27.756 kr. á mánuði
Daggjald bátar undir 15 brt	2.560 kr. á dag
Daggjald bátar milli 15-30 brt	2.618 kr. á dag
Daggjald bátar yfir 30 brt	2.700 kr. á dag
Skip yfir 80 brt.	133 kr. á brt. á mánuði
Uppsátursgjald	3.042 kr. á mánuði
Daggjald eldiskvía við bryggju eftir 2 daga	3.042 kr. á dag

Skip, sem ekki eru í rekstri né leggja upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag og njóta ekki afsláttakjara í formi mánaðargjalda. Skip ekki í rekstri telst það skip sem legið hefur lengur en einn mánuð í höfn eða leggur ekki upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar. Bátar sem teknir eru upp á hafnarkant vegna viðgerða greiða daggjald fyrir þá daga sem báturinn er uppi.

18. gr.

Skráningargjald og önnur gjöld.

Kranagjald, löndun með hafnarkrana	360 kr. á tonn
Úrtaksvigtunargjald fyrir löndun úr frystiskipum	180 kr. á tonn

IV. KAFLI

Innheimta og greiðsla hafnargjalda.

19. gr.

Innheimtufulltrúi Ísafjarðarbæjar sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

20. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Öll erlend skip sem koma til hafnarinnar skulu hafa innlendan umboðsmann sem er þá einnig ábyrgur fyrir öllum lögboðnum gjöldum og kostnaði sem til fellur vegna þeirra. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskráteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skirteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjöld greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörunar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörunar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörunar fyrr en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskránum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

22. gr.

Á verð skv. verðskrá þessari, nema á farþegagjöld skv. 7. gr. og þjónustu við erlend skip, er lagður 24% virðisaukaskattur, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum, sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

V. KAFLI

Gildistaka.

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar er samþykkt af hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar á 217. fundi 8. desember 2020, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004, og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 18. apríl 2023 til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar nr. 1347/2019.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 18. apríl 2023.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri.

B deild - Útgáfud.: 18. apríl 2023